



Börn
og
alnmæmi



148871

SUNARAY




Börn og alnæmi

Til foreldra og starfsfólks á dagheimilum og dagvistarstofnunum

Alnæmisveiran eða **HIV** eins og hún er einnig kölluð veldur alnæmi. Veiran ræðst á ónæmiskerfið og getur valdið skemmdum á því eftir því sem árin líða frá smitun. Það getur leitt til þess að líkaminn verður berskjaldaður fyrir fjölda sýkinga og jafnvel krabbameini en þá er hinn smitaði kominn með alnæmi.

Veiran getur verið í blóði, sæði, legslími og móðurmjólk og hún þarf að komast inn í blóðrásina á annarri manneskju til þess að valda smitun. Hafið hugfast að HIV-smituð börn eru á allan hátt eins og önnur börn þrátt fyrir sýkinguna.





Smit getur þerist með

- **kynmökum**, þar sem sæði, skeiðarslim eða tíðablóð sem geymir í sér alnæmisveiruna kemst í samband við slímhúð í leggöngum, endaparmi eða á getnaðarlim;
- **blóðblöndun**, þar sem ferskt blóð með alnæmisveirunni kemst inn í blóðrás, t.d. við nálarstungu. Þá getur alnæmisveiran komist frá móður til barns í meðgöngu, við fæðingu eða við brjóstamjólkurgjöf.

Veiran smitar ekki við almenna umgengni manna á milli. Það er engin áhætta við kossa, knús og snertingu. Hráki, hor, sviti, tár, hægðir, þvag og uppköst valda ekki smiti. Alnæmisveiran er viðkvæm. Hún lifir ekki af almennt hreinlæti og hún getur ekki fjölgað sér utan líkamans.





Þagnarskylda

Opinberir starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um viðkvæmar persónuupplýsingar, þ.m.t. heilsufarsupplýsingar sem þeir komast að í starfi sínu.

Það er engin hættu á smitun fyrir börn og starfsmenn á dagheimilum, leikskólum og skólum. Þess vegna er engin ástæða til að rjúfa þagnarskyldu ef einhver starfsmaður fær upplýsingar um að barn sé smitað af alnæmisveirunni.

Starfsfólk hefur ekki þörf fyrir og á engan sérstakan rétt á að fá upplýsingar um HIV-smitaða einstaklinga. Sömuleiðis þurfa foreldrar ekki að fá upplýsingar um hugsanlegt smit af völdum alnæmisveiru meðal starfsmanna dagvistarstofnana.

Það er aðeins á valdi foreldra að ákveða hvort þeir vilji segja frá smiti barns af völdum alnæmisveirunnar og að leyfa að þessar upplýsingar verði veittar öðrum.





LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Nov. 1998. ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFNAN EHF. / SÍA.